



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Fífuborg

2024 – 2025



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólustjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	11
4 Innra mat deildar/deilda .....	15
4.1 Innra mat Dvergheima .....	15
<b>4.2</b> Innra mat Hulduheima.....	19
4.3 Innra mat Álfheima .....	22
4.4 Innra mat Ljósheima .....	27
5 Innra mat sérkennslu.....	30
6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	32
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	33
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	34
9 Foreldrasamvinna.....	35
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	36
11 Fylgiskjöl.....	37
11.1 Fylgiskjal 10.1 .....	38
11.2 Leikskóladagatal.....	41
11.3 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).....	42



## Leiðarljós leikskólans

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Í þessari greinargerð er ætlunin að draga saman það sem hæst bar í starfsemi leikskólans á liðnu skólaári um leið og lagðar eru línur að því næsta.

Starfsemi leikskólans fluttist yfir í Húsaskóla um leið og leikskólinn opnaði í ágúst 2023 vegna framkvæmda við húsnaði Fífuborgar við Fífurima. Þar kom reynslan af heimsfaraldi og styttingu vinnuvikunnar að góðum notum því Fífuborgarsamfélagið þurfti enn á ný að aðlaga sig að breyttum aðstæðum vegna þessa. Stjórnendur og starfsmenn hafa þurft að vera með eindæmum lausnarmiðaðir til að láta starfið ganga upp í öðru húsnaði. Starfsmenn Húsaskóla tóku mjög vel á móti okkur og hefur okkur liðið vel þar þrátt fyrir ýmsar áskoranir. Starfsfólk Fífuborgar tók þá ákvörðun síðasta sumar að koma til starfa í Húsaskóla eftir sumarlokunina með opnum huga og jákvæðnina að vopni. Þá stóð til að við yrðum í sex mánuði í Húsaskóla en framkvæmdin við húsnaði Fífuborgar stækkaði og tafðist þannig að þetta verður orðið eitt ár þegar við opnum starfsemina aftur í Fífurima 13 þann 8. ágúst næst komandi.

Fífuborg fékk úthlutaðan þróunarstyrk úr A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur í fimmta sinn skólaárið 2023 – 2024. Haldið var áfram með þróunarverkefnið *Litlu könnuðirnir* en okkur hefur tekist í gegnum þetta þróunarverkefni að festa könnunaraðferðina í sessi í leikskólastarfinu. Könnunaraðferðin eflir í raun alla lykilþætti Menntastefnu Reykjavíkur. Við höfum verið að leggja áherslu á félagsfærni og berskulæsi í gegnum þessa aðferð, þ.e. að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og eflist í flestum þáttum læsis. Ávinningur af vinnu með könnunaraðferðina er mikill. Orðaforði barnanna eykst töluvert í tengslum við viðfangsefnið sem verða fyrir valinu. Þau læra ný hugtök, ný sönglög og lesa nýjar bækur. Þau læra að þróa með sér samvinnu, skiptast á og að leita lausna sjálf. Áhugi barnanna skiptir miklu máli í námi þeirra og því leitumst við eftir því að skoða áhugasvið þeirra og tengja það viðfangsefni aðferðarinnar hverju sinni.

Lærdómssamfélag Fífuborgar um könnunaraðferðina sem stofnað var veturinn 2020 – 2021 hittist á fjögurra vikna fresti. Þar fá allir tækifæri til að segja frá gangi verkefnisins á sinni deild og fá í leiðinni hvatningu og leiðbeiningar um hvað mætti gera betur.

Við fengum þrjá nema frá Þýskalandi í nokkrar vikur í Fífuborg fyrir áramót í tengslum við Erasmus+ samstarfsverkefnið á milli Fífuborgar og Eugen-Kaiser-Schule í Hanau í Þýskalandi. Það gekk mjög vel




þrátt fyrir að starfsemin væri í Húsaskóla. Við eigum von á fleiri nemum á næsta skólaári og okkur finnst þetta skemmtilegt samstarf sem auðgar leikskólastarfið.

Næsta vetur höldum við áfram með könnunaraðferðina þar sem búið er að festa vinnu með hana í sessi í leikskólastarfinu. Við munum leggja áherslu á frjálsan leik í tengslum við breytingar á aðalnámskrá og vinnu með opinn efnivið. Einnig stendur til að gera vinnu með eflingu bernskulæsis markvissari og erum við búnar að ráða verkefnisstjóra um skapandi læsi fyrir næsta vetur.

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat leikskólans var unnið eftir þeim þáttum sem matsteymi Fífaborgar ákvað að yrðu metin veturinn 2023 – 2024 og var gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Börnin endurmátu nokkra þætti starfsins og fór það þannig fram að rætt var við börnin í hóp þar sem þau voru m.a. spurð um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Foreldrar barna sem byrjuðu í leikskólanum haustið 2023 svöruðu rafrænni könnun um aðlögun nýrra barna. Einnig var send könnun á foreldra um opið hús og um þekkingu þeirra á Ellu umhverfisúkku. Matslistar sem stuðst var við eru heimagerðir listar um endurmat (Sjá fylgiskjal, bls. ). Þá var endurmatshringur Fífaborgar notaður.

### Endurmatshringur Fífaborgar



## Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Viðtöl deildarstjóra við starfsmenn á deild</b>	Á deildarstjórafundum	Stjórnendur	Ný viðtalsblöð reyndust vel. Stjórnendur ákváðu tíma fyrir viðtöl á deildarstjórafundum og allt stafsfolk fékk viðtal  Við munum hafa sama háttinn á þessu næsta vetur  Þessum þætti er lokið
<b>Ella endurvinnsludúkka</b>	Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið  Á deildarfundum reglulega yfir árið  Könnun send til forráðamanna	Allt starfsfolk  Forráðamenn	Skipulagið hélst og tóku allir virkan þátt. Styrkleikar okkar tengt þessu verkefni er áhugasamt og ábyrgt starfsfolk  Öll markmið sem við settum okkur fyrir þennan þátt eru náð  Sjá niðurstöður úr könnun undir liðnum Foreldrakönnun
<b>Opinn efniviður</b>	Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið  Á deildarfundum reglulega yfir árið	Allt starfsfolk	Vera okkar í Húsaskóla hafði mikill áhrif á þennan þátt. Til stóð að við myndum aðeins vera þar í hálf ár en það teygðist í ár  Við teljum þessum þætti ekki lokið og mun hann fara inn í umbótaáætlun 2024-2025
<b>Könnunaraðferð</b>	Á deildarfundum reglulega yfir árið  Á fundum hjá lærdóms-samfélagi um	Starfsfolk  Börn	Verkefnið gekk mjög vel í vetur og við finnum að allir eru orðnir öruggir með það  Styrkleikar er reynslumikið starfsfolk sem hlustar á börnin, finnur hvar áhugi



	könnunar- aðferðina		þeirra liggur og styður við þau í þekkingarleit sinni  Við höldum áfram að vinna með könnunaraðferðina og teljum að þessum þætti sé lokið
<b>Félagsfærni</b>	Á deildarfundum reglulega yfir árið	Allt starfsfólk	Könnunaraðferðin og vináttu verkefni Barnaheilla hefur verið nýtt til að efla félagsfærni barnanna í leikskólanum  Styrkleikar þessa þáttar er reynslumikið stafsfolk sem unnið hefur lengi í Fífuborg og er vel þjáfað í að nýta alla þætti starfsins til að efla félagsfærni  Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni var ekki fylltur út þar sem hann er ekki lengur í notkun  Við fyllum út TRAS fyrir öll börn og teljum að spurningarlisti um samskipti/félagsfærni þar sé góður í þessum tilgangi  Ef við teljum þörf á fyrir einstaka börn höfum við nýtt AEPS matslistann
<b>Læsisáætlun</b>	Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið.  Á deildarfundum reglulega yfir árið.	Starfsfólk	Læsisþeymi Fífuborgar var stofnað í febrúar 2024 með fulltrúum af öllum deildum  Á skipulagsdegi í október 2023 var starfsfólki skipt í hópa og fór hver hópur yfir u.þ.b. tvo kafla úr læsisáætlun Fífuborgar  Niðurstöðum var skilað til læsisþeymisins sem nýtti þær við uppfærslu áætlunarinnar  Læsisáætlun er tilbúin og næsta skólaár mun allt



			<p>stafsfolk lesa yfir hana og svo farið yfir starf deildarinnna út frá henni. Þessum þætti er lokið</p>
<b>Starfsmannakönnun um styttingu vinnuvikunnar</b>	Rafræn könnun	Allt starfsfolk	<p>Haustið 2023 var send könnun sem allt starfsfolk svaraði og voru niðurstöður kynntar á skipulagsdegi.</p> <p>Niðurstöður sýndu að álag hefði minnkað eitthvað og komu nokkrar hugmyndir um samvinnu á milli deilda sem myndu virka vel á meðan við værum í Húsaskóla</p> <p>Samkvæmt niðurstöðum vildi mikill meirihluti starfsfólks prófa föstudagsstyttingu</p> <p>Vinnutímahópur var virkjaður og hélt tvo fundi</p> <p>Upplýsingar komu frá SFS að verið væri að skoða hvaða leiðir borgin ætlaði að fara í sambandi við styttingu og að vinnutímahópar ættu að halda að sér höndum og ekki fara í neinar breytingar að svo stöddu</p>
<b>Foreldrakönnun</b>	<p>Rafræn könnun um aðlögun nýrra barna</p> <p>Rafræn könnun um opið hús og Ellu umhverfisdúkk</p>	<p>Foreldrar barna sem byrjuðu haustið 2023</p> <p>Allir foreldrar</p>	<p>Það byrjuðu 15 ný börn haustið 2023 og svöruðu 11 foreldrar könnuninni.</p> <p>Allir sem svöruðu utan einn voru ánægðir með fyrirkomulag aðlögununnar og fannst hún hæfilega löng</p> <p>Foreldrar voru almennt ánægðir með viðmót starfsfólks en hjá einu foreldri koma fram að því fyndist óljóst hvert væri annars vegar hlutverk</p>



			<p>foreldris og hins vegar hlutverk starfsmanna</p> <p>Eitt foreldri talaði um að börnin mættu hafa meiri aðgang að vatni</p> <p>Á innritunarfundi fyrir nýja foreldra útskýrum við mjög vel þáttökuaðlögun</p> <p>Á innritunarfundi vorið 2024 var farið betur í hlutverk foreldra og starfsmanna á meðan aðlögun stendur</p> <p>Við erum með vagn með glösum sem gleymdist að taka með yfir í Húsaskóla og munum taka í hann aftur í notkun þegar við förum aftur í Fífuborg</p> <p>31 foreldri svarið könnun um opna deild og Ellu</p> <p>23 komu á opna deild</p> <p>25 sögðu að tímasetning hentaði vel</p> <p>25 vissu hver Ella var og 24 gátu sagt frá henni í nokkrum orðum</p> <p>1 foreldri fannst vanta fleiri myndir og fréttir af starfinu</p> <p>Ellu verða gerð betri skil í fréttabréfi vikunnar og erum við að endurskoða formið sem fréttabréfið er í og ætlum að breyta því</p>
--	--	--	---





## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsánægja	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar	Starfsfólk	<p>19 af 20 starfsmönnum svöruðu viðhorfskönnuninni</p> <p>Við hækkuðum í öllum þáttum könnunarinnar</p> <p>Spurninginn <i>Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi mínu</i> var 4,07 í könnuninni 2022 en 4,53 2023. Þetta er 0,39 stigs hækkun á milli ára</p> <p>Á skipulagsdegi var rætt um að starfsfólk vildi hrista hópinn saman með ýmsum viðburðum yfir árið og var ákveðið að deildirnar skiptu með sér að skipuleggja viðburði yfir árið og byrja aftur á viðburðum sem féllu niður í Covid</p>
Hæfilegt vinnuálag	Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar	Allt starfsfólk	<p>Í viðhorfskönnun 2022 var þessi þáttur í 86%</p> <p>Í könnuninni 2023 birtust ekki niðurstöður í þessum þætti</p> <p>Stafsfolk Fífaborgar er sammála því að vinnuálag hafi aukist með innleiðingu styttingu vinnuvikunnar</p> <p>Nú þegar svar er komið frá borginni hvað leið á að fara varðandi styttingu hefur vinnutímahópur verið virkjaður til að vinna að</p>



			betra skipulagi við styttingu vinnuvikunnar
<b>Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar</b>	Rafræn könnun	Allt starfsfólk	<p>19 af 20 starfsmönnum svöruðu viðhorfskönnuninni</p> <p>Leikskólinn kom vel út en heildarmat var 4,22 stig sem er 0,34 stiga hækkun frá fyrri könnun</p> <p>Styrkleikar okkar eru frábær starfsmannahópur og margir sterkir einstaklingar sem eru óhræddir við að koma með hugmyndir sem hafa verið starfinu til góða</p> <p>Við munum halda áfram að efla okkar góða fólk og vinna saman að betri leikskóla og ósk okkar er að við höldum áfram að fá góða niðurstöðu úr viðhorfakönnun Reykjavíkurborgar</p>



### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR /MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenærmetið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Undirbúnings-tímar</b>	Að skoða núverandi skipulag á undirbúnings-tímum	Að gera nýtt verklag um undirbúning -Hvað á stafsmaður marga tíma -Hvaða verkefnum er hann að sinna  Að gera skráningarblöð fyrir hverja deild sem heldur utan um undirbúning tíma allra á deildinni	Stjórnendur	Haust 2024	Vorið 2025	Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið	Að allir viti til hvers undirbúningur er og hafi skýr markmið þegar kemur að honum  Að skráningarblöð séu notið til að fá betri yfirsýn yfir undirbúning stíma stafsmanna
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Frjáls leikur</b>	Að frjáls leikur verði rauði þráðurinn í öllu okkar starfi  Að starfsfólk fái fræðslu um frjálsan leik og hvernig hann þróast eftir aldri barnanna	Að hver deild skoði hvar og hvenær yfir daginn börnin fái tíma fyrir frjálsan leik.  Að hver deild skoði hvort það sé eitthvað í okkar skipulagi sem þyrfti að breytast til	Stjórnendur  Deildarstjórar	Haust 2024	Vorið 2025	Á skipulagsdegi með öllu starfsfólki	Að allt starfsfólk öðlist betri þekkingu á frjálsum leik barna  Að allt starfsfólk komi að vinnu við nýja námskrá í tengslum við nýja kaflann um leikinn og fái þannig



		<p>að skapa meira rými fyrir frjálsla leikinn</p> <p>Fá fyrirlestur sem tengist leik barna</p>					enn frekari þekkingu á frjálsum leik og út á hvað hann gengur
Opinn efniviður	Að vinna með opinn efnivið verði meiri og markvissari	<p>Að hver deild skoði þann efnivið sem er inni á deild</p> <p>Að starfsfólk lesi fræðigreinar og annað efni sem tengist opnum efnivið</p>	<p>Stjórnendur</p> <p>Deildarstjórar Allt starfsfólk</p>	Haust 2024	Vorið 2025	<p>Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið</p> <p>Á deildarfundum reglulega yfir árið</p>	<p>Að leikskólinn beri þess merki að unnið sé með opinn efnivið</p> <p>Að börnin hafi aðgang að opnum efnivið bæði í frjálsum leik og sköpun</p> <p>Að starfsfólk þekki hvað opinn efniviður er</p>
Bernskulæsi	Að vinna með eflingu bernskulæsis verði markvissari	<p>Verkefnastjóri fyrir skapandi læsi verði skipaður</p> <p>Þróa og uppfæra okkar vinnu með bernskulæsi</p> <p>Skoða vinnu með bernskulæsi í Funaborg</p>	Stjórnendur	Haust 2024	Vorið 2025	Á læsisteymisfundum reglulega yfir árið	<p>Að leikskólinn beri þess merki að unnið sé markvisst að bernskulæsi á öllum deildum</p> <p>Að verkefnastjóri og deildarstjórar vinni saman að</p>



							Því að þróa þessa vinnu  Að skipuleggja og þróa vinnu með bernskulæsi út frá þeirri vinnu sem Funaborg er með
Námskrá Fífuborgar	Að námskrá Fífuborgar verði uppfærð	Að námskrá Fífuborgar verði unnin út frá nýju köflunum í Aðalnámskrá leikskóla.  Unnið verður eftir skipulagi verkáætlunar	Stjórnendur  Deildarstjórar	Haustið 2024	1. janúar 2025	Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið. Á deildarfundum reglulega yfir árið	Að ný námskrá verði tilbúin 1. janúar 2025.  Að allt starfsfólk taki þátt í vinnu við námskrána og vinnur saman að því að rýna í og ígrunda starfið okkar út frá henni
Mannauður/ Leikskóla- bragur							
Starfsmanna-sáttmáli	Að starfsmanna-sáttmáli verði uppfærður	Að starfsfólk vinni saman að nýjum sáttmála á skipulagsdegi	Stjórnendur	Haustið 2024	Vorið 2025	Á skipulagsdegi með öllu starfsfólki	Að allt starfsfólk taki þátt í vinnu á nýjum sáttmála  Að sáttmálinn sé prentaður út og settur þar sem allt starfsfólk



							sér hann og auðvelt er að grípa í t.d. inn á deildarfundum
Hæfilegt vinnuálag	Að starfsfólk upplifi minna álag í vinnunni	Að breyta hvernig við tökum út vinnutímas tyttingu  Að starfsfólk vinni saman að lausnum og breytingum sem við getum gert til að minnka vinnuálag	Stjórnendur  Deildarstjórar  Allt starfsfólk	Haustið 2024	Vorið 2025	Á skipulagsdegi með öllu starfsfólki  Starfsmannakönnun um styttingu vinnuvikunnar  Könnun Reykjavíkurborgar um stofnun ársins	Að starfsfólk upplifi minna álag og að það sjáist í könnun Reykjavíkurborgar um stofnun ársins
Innra mat							
Foreldra-könnun	Að foreldrar/ forráðamenn taki þátt í að meta starf leikskólans	Að foreldrar nýrra barna fái könnun um aðlögun  Að allir foreldrar fái könnun um verkefnið Ella umhverfis-dúkka	Stjórnendur	Haustið 2024	Vorið 2025	Rafræn könnun	Að svarhlutfall foreldra/ forráðamanna verði yfir 70%
Starfsmannakönnun	Gera nýja könnun um styttingu vinnuvikunnar	Kanna hvernig nýtt skipulag á styttingu vinnuvikunnar gengur  Fá hugmyndir frá starfsfólki	Stjórnendur	Haustið 2024	Vorið 2025	Rafræn könnun	Að allt starfsfólk svari könnun um styttingu vinnuvikunnar  Að allt starfsfólk fái kynningu á



		<p>hvort skipulagið sé að virka vel eða hvort það vilji gera einhverjar breytingar</p>					<p>niðurstöðum</p> <p>Að starfsmannahópurinn skoði niðurstöðurnar og sjái hvort það er eitthvað sem við viljum breyta eða skoða frekar í tengslum við nýtt skipulag á styttingu vinnuvikunnar</p>
--	--	--	--	--	--	--	---

## 4 Innra mat deildar/deilda

### 4.1 Innra mat Dvergheima

Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni

Könnunaraðferðin er skemmtileg leið til náms og uppgötvunar fyrir leikskólabörn. Að vinna markvisst með könnunaraðferðina er búið að festa sig sessi í leikskólanum. Unnið er með könnunaraðferðina í lengri



og styttri verkefnum og nýtt í uppgötvunarnám barna og áhugasvið þeirra hverju sinni. Í vetur var unnið eitt langt verkefni á Dvergheimum í anda könnunaraðferðinnar og var það um fiska. Í fiskaverkefninu tókst vel til við að flétta inn í það félagsfærni og nánasta umhverfi okkar með það að leiðarljósi hvar við finnum fiska og fiskiafurðir.



Í lok verkefnisins var sýning fyrir foreldra og aðrar deildir leikskólans. Mjög góð mæting var á sýninguna og foreldra sýndu verkum barnanna áhuga.

Við teljum að markmiði könnunaraðferðinnar með áherslu á félagsfærni sé náð og vinna með könnunaraðferðina sé komin inn í veggj skólans enda er könnunaraðferðin nýtt í fjölmörg verkefni sem eru unnin í leikskólanum.

## Ella umhverfisdúkka

Ein af brúðunum okkar á Fífuborg er Ella umhverfisdúkka. Hún hefur það hlutverk ásamt kennurum að fræða börnin um umhverfismál eina viku í senn í hverjum mánuði. Í vetur kom Ella umhverfisdúkka reglulega inn á Dvergheima, börnin fengu umhverfisfræðslu með Ellu í hverjum mánuði. Þá viku sem Ella dvaldi á deildinni var hún sýnileg fyrir foreldrum og börnum, börnin voru virkjuð sem aðstoðarmenn Ellu og hjálpuðu til við að fara yfir garðinn fyrir útiveru. Við það sköpuðust oft umræður um hvaða og hvernig rusl fannst í garðinum þann dag sem aðstoðarmenn Ellu voru að störfum.




Foreldrar fengu kynningu í haust um hvað Ella umhverfisdúkka stæði fyrir og fengu reglulega tölvupóst um það þegar Ella var í heimsókn á deildinni og upplýsingar um hvað Ella var að fræða börnin um.

Með nýju fyrirkomulagi í tengslum við Ellu umhverfisdúkku í leikskólanum teljum við að þessum umbótaþætti sé lokið.

## Læsisáætlun Fífuborgar

Sjá umbóta áætlun leikskólans 2024-2025

Vel hefur gengið að festa markmið læsisáætlunar Fífuborgar í sessi. Allir kennarar deildarinnar komu að uppfærslu á læsisáætluninni á skipulagsdegi og eru því vel kunnugir því hvað felst í áætluninni. Til að dusta rykið af málsháttum mánaðarins voru útbúin spjöld með





skýringum á hvað málshátturinn merkir/þýðir. Þessar útskýringar hafa nýst vel bæði fyrir börn og starfsfólk. Kennarar hafa verið duglegir að útskýra ný orð fyrir börnunum þegar lesnar eru sögubækur og þegar börnin skilja ekki merkingu orða sem koma upp í umræðum.

Við teljum að þessum umbótaþætti sé lokið.

## Opinn efniviður

Opinn efniviður var nýr umbótaþáttur fyrir skólaveturinn 2023-2024. Þar sem starfsemi Fífuborgar var ekki í Fífuborg heldur í Húsaskóla þennan veturinn náðist ekki að vinna eins mikið með opna efniviðinn og til stóð því ekki var hægt að taka allt leikfangasafn leikskólans með í Húsaskóla. Til stóð að kynna þann opna efniviðinn sem við eigum á skipulagsdegi það náðist ekki vegna veru okkar í Húsaskóla.

**Styrkleikar:** Kennarar deildarinnar eru með langa starfsreynslu og þekkja því til hvað er opin efniviður og hvernig er hægt að nýta hann í leik, fræðslu og listsköpun með börnunum.

**Tækifæri til umbótar:** Fara yfir leikfangakost leikskólans/deildar og skoða hvað telst til opins efniviðar af þeim leikföngum sem eru til í leikskólanum. Kynna þann opna efnivið sem við eigum á skipulagsdegi. Rýna í það hvort opinn efniviður sé ekki í meirihluta í leik barnanna.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Opinn efniviður	Að starfsmenn finni tækifæri og leiðir til að nota opinn efnivið með börnunum. Passa upp á að opinn efniviður sé alltaf til staðar fyrir börnin í leik og starfi.	Að börnin hafi aðgang að opnum efnivið yfir leikskóladaginn. Að börnin fái tækifæri til að nota ímyndunaraflið sitt í leik.	Stjórnendur, deildastjórar og allir starfsmenn leikskólans.	2024	2025	Umræður á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk finni öryggi í vinnu með opinn efnivið hvort sem það er í leik eða listsköpun.



## Nýir umbótaþættir Dvergheima og Hulduheima

### Frjáls leikur

Frjáls leikur er leikur sem er sjálfsprottinn og stjórnað af börnunum en ekki þeim fullorðna án takmarkana raunveruleikans, allar hugmyndir eru réttar. Frjáls leikur getur átt sér stað alla æfi ef við gefum honum tækifæri og vilji til að leika sér sé til staðar. Frjáls leikur getur tekið á sig hvaða mynd sem er. Í frjálsum leik fá börnin að velja sér efnivið, leikfélaga og rými.

Við á Hulduheimum og Dvergheimum ætlum að gefa frjálsa leiknum rými í starfinu og sjá hversu mikið pláss hann fær yfir daginn og hafa kaflann um leikinn í nýju Aðalnámskrá leikskóla til hliðsjónar.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lokið	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Frjáls leikur	Að efla frjálsa leikinn og gefa honum gott rými. Að starfsfólk fái fræðslu og kynni sér frjálsan leik barna t.d. Aðalnámskrá leikskóla ofl.	Að skoða hvaða leikefni er til á leikskólanum. Að skoða skipulag deildar og rými fyrir frjálsan leik.	Deildarstjórar og allir starfsmenn	2024	2025	Umræður á deildarfundum með starfsfólki deildar og umræður á skipulagsdögum.	Að frjálsi leikurinn fái tíma og pláss yfir leikskóladaginn svo börnin geti þróað sína leiki á sínum hraða og forsendum

### Bernskulæsi

Læsisáætlun Fífuborgar var yfirfarin og endurnýjuð á síðasta skólaári.

Bernskulæsi er skilgreint sem ákveðin færni, þekking og viðhorf sem þróast sem undanfari læsis. Undirbúningur lestrar þróast hjá börnum strax frá fæðingu og þar til þau hefja lestrarnám formlega. Bernskulæsi nær yfir alla undirstöðupætti lesturs, svo sem tal, hlustun, málskilningur, tjáning, orðaforði og ritun. Leikskólabörn byggja upp þekkingu sína í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfinu sínu í gegnum bókalestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Bernskulæsi	Að vinna eftir læsisáætlun Fífuborgar og styðja við bernskulæsi barnanna á Dvergheimum	Allir starfsmenn kynni sér hvað bernskulæsi er og hvað felst í því og skoði hvort þeir séu að vinna eftir læsisáætlun Fífuborgar	Deildastjórar og allir starfsmenn	2024	2025	Umræður á skipulagsdögum og deildarfundum með starfsfólki leikskólans.	Að starfsfólk deildarinnar þekki hvað felst í bernskulæsi og tileinki sér vinnubrögð sem samræmast læsisáætlun Fífuborgar

## 4.2 Innra mat Hulduheima

### Könnunaraðferðin

Við höfum unnið með könnunaraðferðin í nokkur misseri með áherslu á félagsfærni og samvinnu barna og erum farin að nýta hana í flestu starfi á



deildinni. Börnin eru duglega að koma með góðar hugmyndir t.d. hvaða viðfangsefni þau vilja vinna með og hvað þau vilja gera. Börnin hafa þróað með sér góða færni í félagslegum samskiptum og samvinnu og lært að



leita lausna sjálf þar sem þau eru virkir þátttakendur í ferlinu. Mikilvægt er

að allir taki þátt í þeirri vinnu sem tengist viðfangsefninu hverju sinni til að fræðsla og verkefni verði sem fjölbreyttust. Við náðum þeim markmiðum sem sett voru fyrir árið 2023-2024 þ.e. eitt verkefni fyrir áramótin um kartöflur, þar sem við ræktuðum kartöflur, tókum þær upp og könnuðum hvernig þær yrðu til o.fl.

**Frá börnum:** Það var mjög gaman að fara í kartöflugarðinn og taka upp kartöflur. Líka að fara með þær heim og borða þær. Þær voru sko mjög góðar.





Eftir áramót tókum við fyrir *önnur lönd* og tókum fyrir lönd sem börn á deildinni eru frá, sendum heim spurningar sem þau bjuggu til, skoðuðum landakort og hnött. Einnig vorum við duglegar að gera skráningar með verkefnunum bæði myndrænar og skráðar. Í lok verkefnanna vorum við með sýningu fyrir foreldra,

systkini og afa/ömmu og einnig aðrar deildar. Við teljum



könnunaraðferðina vera komna í veggj leikskólans, við munum halda áfram að vinna með hana og nota í starfi deildarinnar með börnunum.



### Læsisáætlun

Starfsfólk er meðvitað um læsisáætlun Fífuborgar og kynnrir sér leiðir sem hægt er að gera til að hafa ritmálið sýnilegt fyrir börnin. Margt sem er í áætluninni er orðið rótgróið í starfi með börnunum s.s. í sögustundum. Þar eru orð og setningar útskýrðar og oft spyrja börnin um orð eða setningar sem þau skilja ekki enda höfum hvatt þau til þess að spyrja ef verið er að tala um eitthvað sem þau skilja ekki. Málshættir mánaðarins hafa verið uppfærðir þannig að það er auðvelt fyrir alla starfsmenn að útskýra á einfaldan hátt fyrir börnunum. Við útskýrum söngtexta fyrir börnunum og stundum teiknum við textann myndrænt t.d. á töflu sem auðveldar börnunum að læra þá.



### Ella umhverfisdúkka



Ella umhverfisdúkka hefur komið eina viku í mánuði á deildina í vetur og þá verið sýnileg þar þ.e. setið á borði við samveruna þar sem börnin geta spjallað við hana og snert. Börnin hafa fengið umhverfisfræðslu þá viku og við rifjað upp í gönguferðum þá umræðu. Auðveldara er að muna eftir að fara yfir garðinn og

tína rusl sem á ekki heima þar í heila viku frekar en einu sinni í viku. Tvö börn fara með í garðinn og finnst þeim það spennandi og eru mjög áhugasöm. Við munum halda áfram að upplýsa foreldra um málefni Ellu. Börnunum er gefið tækifæri til að nota spil sem fylgja kassanum og þau eru aðgengileg þá viku sem hún er á deildinni.

Við teljum virkni Ellu umhverfisdúkku vera komna aftur á skrið á deildum leikskólans eftir breytingarnar og munum halda henni virkri í komandi framtíð.



## Opinn efniviður

Á síðasta starfsári 2023-2024 var ákveðið að bjóða meira upp á opinn efnivið í leikskólanum. Opinn efniviður hefur ekki fyrir fram ákveðið hlutverk eða útkomu og bíður því upp á marga möguleika fyrir börn í leik. Opinn efniviður ýtir undir sköpun, hugmyndaflug og tjáningu barnanna og með honum njóta þau sín á eigin forsendum. Í leik með opnum efnivið er það ferlið, nálgunin og vinna barnanna sem skiptir máli fremur en útkoman. Opinn efniviður hvetur til samskipta og samvinnu barnanna og er skemmtilegt leikefni sem kemur ímyndunaraflinu af stað.



## Styrkleikar

Allir kennarar og starfsmenn þekkja vel hvað opinn efniviður stendur fyrir og hvernig hægt er að vinna með hann í leik, fræðslu og listsköpun í starfinu.



## Tækifæri til umbótar

Kennarar kynni sér hvað/hvernig opinn efniviður er. Fara yfir leikefni og efnivið sem er inn á deildinni. Börnin fá tækifæri og leiðsögn kennara í að nota opinn efnivið og tileinki sér ímyndunarafl sitt í leik með félögunum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Opinn efniviður</b>	Að opinn efniviður verði í boði í leik barnanna. Að starfsfólk sé meðvitað um hvaða efniviður er til staðar og ýta undir ímyndunar leiki barna	Að börnin fái tækifæri og leiðsögn í að nota opinn efnivið og fái tækifæri að nota ímyndunarafl sitt öllum stundum.	Stjórnendur, deildarstjóri og starfsmenn leikskólans	Haust 2024	Vor 2025	Umræður á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið. Starfsfólk kynni sér þann efnivið sem er til og hvernig best sé að kynna hann fyrir börnum.	Að börn geti nýtt sér opinn efnivið í leik og læri að þekkja hann t.d. í umhverfi sínu. Að starfsfólk verði meðvitað um hvað og hvernig opinn efniviður er



	með hann í leik.						og hvaða möguleika hann býður upp á
--	------------------	--	--	--	--	--	-------------------------------------

## Nýir umbótaþættir 2024-2025

### Opinn efniviður

Sjá kafla í innra mati Hulduheima


### Frjáls leikur og bernskulæsi

Sjá kafla 3 í umbótaáætlun leikskólans 2024-2025 og sameiginlega nýja umbótaþætti Dvergheima og Hulduheima hér fyrir ofan.

## 4.3 Innra mat Álfheima

Þeir umbótaþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2023-2024 voru könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni, Ella umhverfisdúkka, læsisáætlun Fífuborgar og opinn efniviður.

### Könnunaraðferðin



Þennan vetur, eftir áramót, tókum við kúna fyrir í könnunaraðferðinni. Við fundum út að börnin vissu ekki mikið um kúna og vildum við því vinna aðeins með þetta ágæta dýr. Til að meta verkefnið tókum við fullt af myndum, gerðum skráningar og hugarkort. Foreldrar fengu

reglulega upplýsingar um hvernig gengi með verkefnið og svo höfðum við afrakstur verkefnisins sýnilegt. Áhersla var lögð á félagsfærni. Við pössuðum uppá að allir væru með og fengu tækifæri til að tjá sig og virtu það sem aðrir voru að gera. Við unnum mikið með góða samvinnu og að æfa sig í því skiptast á.



Við fundum bækur um kúna, bæði fræðibækur og sögur. Sagan um Búkollu varð fljótt vinsæl og var



hún mikið lesin. Við fléttuðum þetta verkefni inní gönguferðir okkar, við kölluðum á Búkollu og leituðum að henni og reyndum að finna hana.

Í hugarkortinu kom fljótt í ljós að þau vissu nokkuð vel hvaða afurðir kýrin gæfi okkur en við skoðuðum svo vel hvað væri hægt að búa til úr mjólkinni. Við fundum til umbúðir af því sem búið er til úr mjólkinni. Krakkarnir fengu svo að leika sér með umbúðirnar í frjálssa leiknum.

Við teiknuðum upp kú í fullri stærð. Það kom börnunum á óvart hversu stór hún er. Við skýrðum hana að sjálfsgöðu Búkollu. Börnin stimpluðu sína eigin kýr á blað og urðu myndirnar mjög frjálsegar og skemmtilegar. Við ákváðum að þarna væru kýrnar að verða vitlausar eins og í laginu „Bjarnastaðabeljurnar“ sem við vorum að æfa.

Við enduðum svo á því að fara í Húsdýragarðinn í maí. Við fengum leiðsögn og fengum að vita ýmislegt um kúna. Börnin fengu svo að klappa þeim. Við sungum svo lagið okkar „Bjarnastaðabeljurnar“ og tókum það upp fyrir foreldrana til að horfa á. Þetta var skemmtilegur endir á skemmtilegu verkefni.



Á opna húsinu í maí settum við upp fullt af myndum og upplýsingum um verkefnið, bæði inn á deild og frammi á ganginum. Margir foreldrar komu til að skoða og gekk það mjög vel. Við teljum að könnunaraðferðin sé orðin fastur liður í okkar starfi og er þessum þætti því lokið.

## Læsisáætlun Fífuborgar



Við ákváðum að rýna betur í starf okkar út frá læsisáætlun Fífuborgar. Við skoðuðum deildina út frá því hvort gott aðgengi væri að fjölbreyttu og málörvandi efnivið. Síðasta vetur vorum við búin að bæta okkur heilmikið og héldum því áfram þennan vetur. Við lögðum áherslu á að bækur, blöð, blýantar og litir væru í hæð krakkana. Lubbaspjöldin eru sett upp á vegg ( í þeirra hæð) um leið og við erum búin að fara yfir þau og við erum líka með stafrófið á veggnum. Við merktum hillurnar með leikföngunum með myndum og texta. Merktum ýmsa hluti inná deild með bæði mynd og texta eins og t.d. borð, stóll, ljós osfrv.



Við náðum að koma bæði þulum og málsháttum betur inn í starfið okkar. Unnið var í því að gera málshættina sjónræni og gekk það vel. Við erum líka farin að vinna meira með rím eins og til stóð og nýtum samverustundirnar í það.

Mars

Allir hafa börn verið.

Allir voru einu sinni barn. Líka kennararnir, mömmur, pabbar, afar og ömmur. Þvílíka að allir þurfa að sjá börnum skóling og ekki gleyma að allir hafa verið börn einhverjum tímann.



Foreldrar fá sent til sín dagatal mánaðarins ásamt þeim lögum sem við erum að syngja, þulum og málshætti mánaðarins. Þannig geta foreldrar fylgst vel með því sem við erum að fara yfir hverju sinni.

Unnið var í því að fara yfir og lagfæra læsisáætlun Fífuborgar og er þeim þætti lokið. Teljum við að þessum þætti sé lokið.

## Ella umhverfisdúkka

Grænfána þemað okkar þetta ár var lífbreytileikinn. Til dæmis hvað gerir moldin og lífríkið í henni fyrir náttúruna okkar. Hvað gera fuglarnir, ormarnir o.s.frv. Börnin gróðursettu baunir í blómapott sem þau voru búin að mála. Það þurfti að passa það að vökva blómunum reglulega og svo fylgdust þau spennt með því hversu mikið það óx.



Ella umhverfisdúkka kom einu sinni í mánuði í heimsókn, eina viku í senn. Hún fræddi okkur um mikilvægi þess að hugsa vel um náttúruna okkar. Hún benti okkur líka á það að við mættum alls ekki gleyma þessu litla eins og ormunum, flugum og lírfum. Allt vinnur þetta saman og hjálpar náttúrunni.

Við náðum að vinna vel með Ellu í vetur. Hver deild passaði uppá að færa Ellu kassann yfir á næstu deild þegar þeirra vika var búin. Sú deild sem er með Ellu fer yfir garðinn á leikskólalóðinni á hverjum degi. Hjálparmaður Ellu er valin á hverjum degi og fer hann út og tínir rusl í garðinum. Við náðum að uppfæra Ellu kassann með nýjum spilum, pússluspilum og bókum.

Við teljum að Ella sé orðin fastur liður hjá okkur og þessum þætti sé lokið.





## Opinn efniviður

Fífuborg er Grænfánaskóli og höfum við lagt okkur fram um að vinna með opinn efnivið með börnunum. Við fengum í fyrra fyrirlestur tengt þessu og fórum við þá að skoða hvað við erum að bjóða upp á fyrir börnin inn á deild.



Við erum með einingakubbana í boði inn á deild. Með einingakubbum erum við með ýmis auka efni eins og skriffæri, blöð, litla litaða kubba og tuskur. Þemakassar sem hægt er að fá lánaða eru mjög vinsælir og bjóða þeir upp á fjölbreyttan leik.



Okkur finnst við geta gert betur og ætlum að taka næsta vetur í það að finna leiðir til þess. Það spilaði mikið inni að allan síðasta vetur vorum við með starfseminu okkar í Húsaskóla þar sem aðgangur að opnum efnivið er ekki eins aðgengilegur og í Fífuborg. Markmið okkar er að finna leiðir til þess að gera opna efniviðinn aðgengilegri og sýnilegri. Vinna markvissara með hann í okkar daglega starfi.

Umbóta-þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/Lokið	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Opinn efniviður</b>	Að starfsmenn finni leiðir til að nota opinn efnivið meira inn á deild og í útiveru. Hvar getum við gert betur og hvaða leiðir getum við farið til að ná því markmiði.	Allir starfsmenn verði virkir í því að vinna með opinn efnivið. Að starfsmenn lesi sér til um fræðin á bak við að nota opinn efnivið í leik barna. Fá fræðslu um opinn efnivið.	Deildarstjórar og starfsfólk.	2024-2025	Á deildar-fundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk finni öryggi í því að vinna með opinn efnivið í starfi bæði úti og inni.

### Nýir umbótaþættir 2024-2025

## Bernskulæsi

Í framhaldi af vinnu síðasta vetur um læsisáætlun Fífuborgar, viljum við vinna markvissara með bernskulæsi næsta vetur. Með því að halda áfram að hafa ritmál sýnilegt inná deild í þeirra hæð, hafa dagskipulagið og stafrófið sýnilegt ofl. Þannig uppgötva þau auðveldara ritmálið í umhverfinu og mynda jákvætt viðhorf til ritmálsins. Það gefur góðan grunn að lestrarnámi síðar meir. Markmið okkar er að hjálpa krökkunum að ná tengingunni á milli hlutar, orðs og myndar á fjölbreyttan máta.



Umbóta-þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/L okið	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Bernskulæsi</b>	Að starfsmenn finni leiðir til að vinna með bernskulæsi í daglegu starfi. Hvar getum við gert betur og hvaða leiðir getum við farið til að ná því markmiði.	Allir starfsmenn verði virkir í því að vinna með bernskulæsi. Að starfsmenn lesi sér til um fræðin á bak við bernskulæsi. Fá fræðslu um bernskulæsi.	Deildarstjórar og starfsfólk.	2024-2025	Á deildar-fundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk finni öryggi í því að vinna með bernskulæsi.

### Frjálsi leikurinn

Börnin læra í gegnum leik. Við ætlum að skoða okkar daglega starf í vetur og finna leiðir til að gefa frjálsa leiknum aukið vægi, rými og tíma. Getum við breytt okkar skipulagða starfi í vetur til að leyfa leiknum að njóta sín meir? Getum við t.d. breytt hópastarfinu þannig að „kennslan“ fari meira fram í gegnum leik frekar en annað?

Umbóta-þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst/L okið	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Frjálsi leikurinn</b>	Að starfsmenn finni leiðir til að gefa frjálsa leiknum meira rými og tíma. Getum við breytt okkar hefðbundnu starfi og hvaða leiðir getum við farið til að ná að gefa frjálsa leiknum meiri tíma.	Allir starfsmenn verði virkir í því að ýta undir frjálsa leikinn og flæði. Að starfsmenn lesi sér til um fræðin á bak við frjálsa leikinn og flæði. Fá fræðslu um frjálsa leikinn og flæði.	Deildarstjórar og starfsfólk.	2024-2025	Á deildar-fundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk finni öryggi í því að vinna frjálsa leikinn og aukið flæði.



Samhliða frjálsa leiknum ætlum við að skoða flæði þar sem áherslan er að leyfa börnunum að sökkva sér í leikinn og vera í núinu án þess að þurfa að skipta um svæði eða taka saman þegar „tíminn“ er búin.

#### 4.4 Innra mat Ljósheima

##### Könnunaraðferðin með áherslu á félagsfærni

Á Ljósheimum var unnið eitt verkefni samkvæmt könnunaraðferðinni þetta skólaárið og var það fjölskyldan mín. Börnin tala mikið um mömmu og pabba og systkini sín og töldum við því að það gæti verið áhugavert að vinna með þetta þema. Við byrjuðum á að gera hugarkort



og ræddum um hverjir væru í fjölskyldunni þeirra, hvað allir í fjölskyldunni heita og hvar þau eiga heima. Við ræddum þetta reglulega og rifjuðum upp. Einnig lásum við bækur um mismunandi fjölskyldur. Við báðum svo foreldra um að senda okkur nokkrar myndir af fjölskyldunni sem við prentuðum út og börnin gerðu svo hús fyrir fjölskylduna sína.

Við spjölluðum einnig við þau um fjölskylduna þeirra og skráðum niður svörin hjá þeim. Við bættum líka við hugarkortið eftir nokkrar vikur til að athuga hvort það kæmi eitthvað nýtt frá þeim og auðvitað komu þessi flottu börn með eitthvað nýtt á það. Við enduðum svo á að bjóða öllum í leikskólanum að koma og sjá hvað við vorum búin að vera að gera og lokapunkturinn var svo að bjóða foreldrum að koma og skoða hvað börnin þeirra voru búin að vera að gera.



**Styrkleikar:** Allir voru mjög áhugasamir um verkefnið og fannst gaman að fá að spjalla og segja frá fjölskyldunni sinni.

Þau voru mjög ánægð með húsið sem þau gerðu fyrir fjölskylduna sína og fannst gaman að skoða bæði sitt hús og sína fjölskyldu en einnig að fá að skoða hjá vinum sínum. Það var gaman að heyra eitt barnið segja, ég elska húsið mitt þegar við vorum að stilla því upp fyrir sýninguna sem við vorum með.

Núna erum við búnar að vinna með könnunaraðferðina í nokkur ár og orðnar nokkuð öruggar í því. Við teljum því að þetta sé komið í ágætis farveg hjá okkur og munum halda áfram að vinna með þessa aðferð á næsta skólaári.

##### Ella umhverfisdúkkja



Í starfsáætlun síðasta árs töluðum við um að finna leiðir til þess að Ella umhverfisdúkka færi örugglega vikulega á milli deilda og aðstoðaði okkur við að fræða börnin um umhverfismál og vinna með grænfánann. Einnig ákváðum við að tengja hana við yfirferð á garði og að þá viku sem við værum með Ellu ættum við að fara yfir garðinn. Var

ákveðið að hver deild myndi skrá í dagbókina sína hvaða vikur Ella ætti að vera hjá þeim og í lok vikunnar að fara með Ellu yfir á þá deild sem hún ætti að vera á næst. Er þetta búíð að ganga mjög vel og er Ella búin að fara reglulega á milli deilda í allan vetur. Einnig hefur yfirferð á garði gengið vel og fær eitt barn að fara með starfsmanni og Ellu til að yfirfara garðinn. Teljum við því að þetta sé komið í góðan farveg hjá okkur.

### Opinn efniviður

Í starfsáætlun 2023-2024 töluðum við um að skoða opin efnivið og hvort börnin hefðu aðgang að þannig efnivið í leik og starfi yfir leikskóladaginn. En þar sem við vorum með aðsetur í Húsaskóla allt síðasta skólaár og ekki með allan þann efnivið og leikföng sem við eigum hefur kannski ekki orðið mikið úr því. Eitt af því sem starfsfólk Ljósheima lærði af veru sinni í Húsaskóla er að það þarf ekki alltaf að vera mikið af leikföngum og efnivið til að það verði skemmtilegur leikur. Eldri hópurinn hjá



okkur lék sér mikið með teppi og púða og var gaman að fylgjast með hvernig leikurinn þróaðist hjá þeim. Teppin voru notuð til að breiða yfir einhvern sem var að fara að sofa, eða til að sitja á af því að þau voru í lautarferð, einnig var hægt að vefja þau utan um sig og nota sem föt, það var hægt að fela sig undir teppinu, búa til hús með þeim og borðunum og svo ótal margt annað sem þeim datt í hug. Þessi leikur með teppin og púðana er búin að vera í gangi í lengri tíma og stendur enn yfir. Einnig er ótrúlegt að sjá hvað sum þeirra geta enst í langan tíma í einu í þessum leik.

Næsta skólaár verðum við komin aftur í okkar húsnaði með allt okkar dót og þá munum við skoða opinn efnivið betur og fræða okkur betur um hann.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Opinn efniviður</b>	Að opinn efniviður sé til staðar fyrir börnin í leik og starfi alla daga. Að starfsfólk kynni sér og fræðist um hvað er opinn efniviður.	Skoða þann efnivið leikföng sem við eigum og auka hlutdeild og notkun opins efniviðs.	Deildarstjóri og starfsfólk Ljósheima	Haut 2024	Vor 2025	Umræður og fræðsla á skipulagsdögum og deildarfundum.	Að starfsfólk þekki og viti hvað er opinn efniviður og sé öruggt í vinnu með hann.

### Umbótaþættir Ljósheima fyrir skólaárið 2024-2025

Samkvæmt langtíma umbótaáætlun Fífuborgar eru umbótaþættir fyrir skólaárið 2024-2025:

- Opinn efniviður
- Frjáls leikur
- Bernskulæsi

#### Opinn efniviður

Sjá kafla í innra mati Ljósheima.

#### Frjáls leikur

Sjá kafla 3 í umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.

#### Bernskulæsi

Síðasta skólaár var læsisáætlun Fífuborgar yfirfarinn og endurnýjuð. Næsta skólaár er því ætlunin að allt starfsfólk lesi læsisáætlunina og að við skoðum hvort við vinnum ekki örugglega eftir henni.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
<b>Bernskulæsi</b>	Að unnið sé eftir læsisáætlun leikskólans á Ljósheimum	Að starfsfólk lesi læsisáætlunina og skoði hvort við vinnum ekki eftir henni	Deildarstjóri og starfsfólk Ljósheima	Haust 2024	Vor 2025	Umræður á skipulagsdögum og deildarfundum.	Að starf deildarinnar beri þess merki að unnið sé eftir læsiáætlun leikskólans.

## 5 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b></p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Unnið er eftir hugmyndafræði menntunar fyrir alla og snemmtækrar íhlutunar.</p> <p>Stofnað var fagteymi sérkennslu sem hittist reglulega og í því sitja stuðningsaðilar frá öllum deildum og sérkennslustjóri.</p> <p>Reglulega eru gerðar markvissar skráningar til að halda utan um hvað unnið er með, hvað hefur áunnist og í kjölfarið hægt að setja ný markmið í einstaklingsnámskrá barnanna. Lögð er höfuðáhersla á að börn sem njóta stuðnings séu sem mest virkir þátttakendur í leikskólastarfinu í barnahópnum og unnið að því að efla og upplýsa starfsfólk varðandi mikilvægi fullgildi barna.</p> <p>Skráning fer fyrst og fremst fram með notkun AEPS matslistans.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b></p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, EFI-2 og Hljóm-2 eru lögð fyrir öll börn leikskólans. Önnur matsgögn sem eru</p>



	notuð eru AEPS matslistinn, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, Orðaskil og ýmsir færnisráningarlistar.
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námmsgögn sem notast er við eru bæði aðkeypt og heimagerð s.s. Lærum og leikum, Lubbi finnur málbein, SÓL, spil, leikföng, bækur, spjaldtölvur og ýmis gögn, upplýsingar og fræðsla frá Austurmiðstöð, lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og MML

### Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna	Að starfsfólk fylgist með og bregðist við með velferð og farsæld allra barna að leiðarljósi.	Fundir 1x í mánuði með lausnateymi leikskólans og fundargerðir haldnar. Kynna sambættingu þjónustu og tengilið leikskólans fyrir foreldrum og starfsfólki.	Leikskólastjóri/sérkennslustjóri ásamt stjórnendateymi leikskólans.	Hófst 2023	2026	Markvisst endurmetið á stjórnendafundum á haustönn og vorönn. Nýta fundargerðir.	Að þjónustu við börn fari í skýrari farveg og snemmtæk íhlutun verði markviss. Að börn og foreldrar hafi góðan aðgang að tengilið.



## 6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni er fyrst og fremst varið til málörvunar sem fjölmennigartengiliður og starfsmenn deilda hafa sinnt en einnig til kaupa á námsgögnum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með grunnorðaforða bæði í skipulögðum stundum, leik og daglegu starfi s.s unnið með lykilorð í sögustundum, með könnunaraðferðinni og könnunarleiknum, Gefðu 10 og ríkulegu málumhverfi.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Markvisst er unnið að því að dýpka orðaforðann t.d. í sögu- samveru- og málörvunarstundum og með könnunaraðferðinni og það síðan yfirfært í leik
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn og Einn leikskóli mörg tungumál til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna ásamt því að nota fleiri matstæki s.s. TRAS og Orðaskil (ef þörf er á).
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Áhersla er lögð á að vinna með alla þætti málsins í gegnum leik, daglegt starf, skipulagðar stundir og málörvunarstundir. Byggt er á styrkleikum barna í öllu starfi.





## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
<b>Móttöku fjöltyngra barna</b>	Hvernig tekið er á móti börnum sem er að byrja í leikskóla með tvö eða fleiri tungumál	Móttökuáætlun og samstarf við foreldra. Hver eru fyrstu skrefin í að kenna barni íslensku. Hvaða verkfæri eru til staðar og hvernig verður barnið metið.	Fjölmennigartengiliður	Ágúst 2024	Júní 2025	Umræðumat á deildarfundum	Allt starfsfólk sé upplýst um verkferla. Öryggi um hvernig taka skal á móti barni og hver fyrstu skref sé og hvernig framhaldinu er háttað.

## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í október 2023 og maí og júní 2024. Deildarstjórar tóku viðtöl við sitt starfsfólk í október 2023 og leikskólastjóri tók viðtöl við allt starfsfólk leikskólans í maí og júní 2024. Á næsta skólaári munu þessi samtöl vera aftur að hausti í október og að vori í apríl eða maí. Tilgangur starfsþróunarsamtala er að skapa vettvang og taka frá stund til að heyra hvernig starfsmönnum líður. Einnig að hlusta á óskir þeirra varðandi starfsþróun og í lok samtals að vori setur starfsmaður sér markmið sem hann vinnur að í starfi sínu.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2023-2024.

Á skipulagsdögum þetta skólaárið fengum við meðal annars fræðslu um:

- umhverfismennt og baráttuna við loftslagsbreytingar þar sem Sævar Helgi Bragason (Stjörnu Sævar) hvatti starfsfólk til skapandi hugsunar og nýsköpunar til lað takast á við áskoranir sem



tengjast umhverfismálum og sjálfbærri framtíð og nýta það í starfi með leikskólabörnunum. Þetta tengist vinnunni með Ellu umhverfisdúku.

- skyndihjálp frá Vinnuvernd
- Nurture þróunarverkefnið sem við erum að fara að taka þátt í ásamt Lyngheimum, Laufskálum, Rimaskóla, Týgrisbær og Sigyn.
- grunnatriði kynferðisofbeldis gegn börnum frá Barna- og fjölskyldustofu.
- helstu breytingar í aðalnámskrá leikskóla.

Einnig fór allt starfsfólk á skipulagsdegi í Saga Story house og tók þátt í vinnustofu um velliðan, starfsorku og starfsánægju.

Þar að auki fór starfsfólk á hin ýmsu námskeið.

**Skólaárið 2024 - 2025** er stefnt að því að fá fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi um frjálsa leikinn í tengslum við breytingar á aðalnámskrá leikskóla og vinna saman í hópum að breytingu námskrárinnar. Einnig að fá fræðslu um eflingu bernskulæsi þar sem stefnt er að því að gera alla vinnu með eflingu bernskulæsis markvissari í leikskólanum og tengja þætti bernskulæsis við vinnu okkar með könnunaraðferðina. Þar að auki fer einn skipulagsdagur á næsta skólaári í Nurture námskeið fyrir alla starfsmenn leikskólans.

Margir starfsmenn vilja bíða eftir því að sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar starfsþróunaróskir og komið er til móts við þannig óskir eftir því sem mögulegt er. Í starfsþróunarviðtölum á liðnu skólaári var helst óskað eftir því að komast á námskeið um frjálsa leikinn, tónlist með börnum og námskeið í tengslum við stjórnun.

## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfið við Rimaskóla hefur gengið vel í vetur því það var vel skipulagt og markvisst. Fyrsta heimsókn var í bókasafnið þar sem börnin fengu kynningu á bókasafninu, skoðuðu bækur og tóku í spil. Í október kíktu fyrirverandi nemendur okkar í heimsókn í Fífuborg, léku sér, teiknuðu og spjölluðu við kennara og nemendur. Íþróttatími var í boði í desember en þá er alltaf Tarzan leikur og mjög mikið fjör. Við fórum aftur í þannig tíma fyrir páskana og eru þessir tímar oftast með 1.bekk en stundum með 2.bekk. Farið var á Föstudagsfjör í apríl sem var mjög skemmtilegt og spennandi, sama dag var boðið upp á heimsókn í 1.bekk en þar sem hópurinn var bókaður annars staðar gátum við ekki þegið það boð. Farið var í eina heimsókn í



frístundaheimilið Tígrisbæ, þar fannst börnunum skemmtilegt að skoða öll leikföngin, lita og perla og var boðið upp á ávexti og djús sem þau snæddu af bestu lyst.

Á Degi íslenskrar tungu kom 4.bekkur í Rimaskóla í leikskólana í hverfinu og lásu sögu fyrir börnin.

Ekki er komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár, þ.e. 2024 – 2025 en hér fyrir neðan er það sem hefur verið í boði.

Heimsókn í bókasafn Rimaskóla í október

Danstími í Rimaskóla í október

Börn í 1. bekk í Rimaskóla heimsækja leikskólana í hverfinu í nóvember

Heimsókn barna í 4. bekk í Rimaskóla í leikskólana í hverfinu á Degi íslenskrar tungu

Föstudagsfjör í apríl

Íþróttatími í Rimaskóla í desember og mars

Bekkarheimsókn í 1. bekk í mars/apríl

Heimsókn í frístund (Tígrisbæ) í febrúar

Ekkert samstarf var á milli leikskóla í hverfinu þ.e. við Lyngheima og Laufskála í vor vegna verkefnisins fyrr í frístundarheimili.

Við tókum þátt í samstarfi við Korpúlfa, félag eldri borgara í Grafarvogi í vetur en þátttaka félagsmanna þar var lítil t.d. á hamonikkuballi sem Korpúlfar buðu okkur á í október og um miðjan nóvember mættu aðeins fimm Korpúlfar fyrir utan harmonikkuleikarann. Þar sungum við nokkur lög með þeim og dönsuðum Óla skans við undirleik harmonikkuleikarans. Það hefði verið skemmtilegra að hafa fleiri félagsmenn í salnum og að þeir hefðu sýnt meiri áhuga á samstarfinu. Börnin fóru í desember og sýndu „helgileikinn“ á jólafundi Korpúlfa fyrir fullum sal af fólki við góðar undirtektir og fengu börnin mandarínu að gjöf frá jólasveininum.

Vegna persónuverndarlaga erum við ekki með skil milli skólastiga.

## 9 Foreldrasamvinna

Við leikskólann starfar foreldraráð og í því sitja þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðili um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Foreldraráðið hélt tvo fundi þetta skólaárið og gert er ráð fyrir



svipuðu fyrirkomulagi á næsta skólaári. Foreldraráðið sat einnig fund um verkefnið *Fyrr í frístund* en leikskólinn var valinn til að halda áfram að taka þátt í því tilraunarverkefni. Foreldraráðið skilaði umsögn fyrir verkefnið til SFS.

Í Fífuborg er starfandi foreldrafélagið Fífan. Í stjórn þess sitja fjórir fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum og skipuleggur uppákomur s.s. sveitaferð, greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags.

Reglum samkvæmt hefur verið kosið í foreldraráð og foreldrafélag Fífuborgar. Það er hefð fyrir því að auglýsa eftir nýjum meðlimum á fundi fyrir nýja foreldra og á fundum fyrir alla foreldra á haustin.

Einn meðlimur í foreldrafélaginu og tveir í foreldraráðinu eru að hætta og vantar því meðlimi fyrir næsta skólaár. Aðrir meðlimir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu. Það var eitt foreldri sem bauð sig fram á fundi fyrir nýja foreldra vorið 2024 og munum við óska eftir fleiri meðlimum á foreldrafundum næsta haust.

Búið er að setja dagsetningar fyrir foreldrafundi á skóladagatal leikskólans og verða fundirnir að öllu óbreyttu 24. og 25. september og 01. og 03. október 2024. Hulduheimar þann 24. september, Dvergheimar þann 25. september, Álfheimar þann 01. október og Ljósheimar þann 02. október.

Foreldraviðtöl að hausti hefjast 04. nóvember 2024 og foreldraviðtöl að vori hefjast 17. mars 2025.

## 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Fífuborgar skólaárið 2024 – 2025:

- Fös. 27. september 2024. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Mán. 21. október 2024.
- Fös. 22. nóvember 2024. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Fim. 06. febrúar 2025. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Mán. 31 mars 2025.
- Mán. 12. maí 2025.

Leikskóladagatal Fífuborgar skólaárið 2024 – 2025: Sjá fylgiskjal 2.



## 11 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Leikskóladagatal

10.3 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



11.1 Fylgiskjal 10.1

## **Starfsáætlun 2024 – 2025**

### **Nafn leikskóla**

### **Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

XXXXX XXXXX  
XXXXX XXXXXXXX  
XXXXX XXXXXXX



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**





# 11.2 Leikskóladagatal

Nafn leikskóla: **Fífluborg**

## Leikskóladagatal 2024 - 2025

Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. M	1. L	1. L	1. D	1. F	1. S	1. D
2. F	2. M	2. F	2. L	2. M	2. F	2. S	2. S	2. M	2. F	2. M	2. M
3. L	3. F	3. F	3. M	3. F	3. F	3. M	3. M	3. F	3. L	3. D	3. F
4. S	4. M	4. F	4. M	4. M	4. L	4. D	4. D	4. F	4. S	4. M	4. F
5. M	5. F	5. D	5. D	5. S	5. S	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. L
6. D	6. F	6. S	6. M	6. F	6. F	6. F	6. F	6. S	6. D	6. F	6. S
7. M	7. L	7. F	7. F	7. M	7. M	7. D	7. D	7. L	7. M	7. L	7. S
8. F	8. D	8. D	8. F	8. S	8. M	8. L	8. L	8. D	8. F	8. S	8. D
9. F	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. S	9. S	9. M	9. F	9. M	9. M
10. L	10. D	10. F	10. S	10. D	10. F	10. M	10. M	10. F	10. L	10. D	10. F
11. S	11. M	11. F	11. M	11. M	11. L	11. D	11. D	11. F	11. S	11. M	11. F
12. M	12. F	12. L	12. D	12. F	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. L
13. D	13. F	13. S	13. M	13. F	13. M	13. F	13. F	13. S	13. D	13. F	13. S
14. M	14. L	14. M	14. F	14. L	14. F	14. F	14. F	14. M	14. L	14. M	14. M
15. F	15. D	15. D	15. F	15. S	15. M	15. L	15. L	15. D	15. F	15. D	15. D
16. F	16. M	16. F	16. L	16. M	16. F	16. S	16. S	16. M	16. F	16. M	16. M
17. L	17. D	17. F	17. S	17. M	17. F	17. M	17. M	17. L	17. D	17. F	17. F
18. S	18. M	18. F	18. M	18. L	18. D	18. D	18. D	18. F	18. S	18. M	18. F
19. M	19. F	19. L	19. D	19. M	19. S	19. M	19. M	19. L	19. F	19. L	19. L
20. D	20. F	20. S	20. M	20. F	20. M	20. F	20. F	20. S	20. D	20. F	20. S
21. M	21. L	21. M	21. F	21. L	21. D	21. F	21. F	21. M	21. M	21. L	21. M
22. F	22. S	22. D	22. M	22. S	22. M	22. L	22. L	22. D	22. F	22. S	22. D
23. F	23. M	23. F	23. L	23. M	23. F	23. S	23. S	23. M	23. F	23. M	23. M
24. L	24. D	24. F	24. M	24. L	24. F	24. M	24. M	24. L	24. D	24. F	24. F
25. S	25. M	25. F	25. L	25. M	25. F	25. D	25. D	25. F	25. S	25. M	25. F
26. M	26. F	26. L	26. D	26. M	26. S	26. M	26. M	26. L	26. F	26. M	26. L
27. D	27. F	27. M	27. L	27. M	27. F	27. F	27. F	27. D	27. F	27. F	27. S
28. M	28. L	28. M	28. F	28. L	28. M	28. F	28. F	28. M	28. D	28. L	28. M
29. F	29. S	29. D	29. M	29. S	29. M	29. L	29. L	29. D	29. F	29. D	29. D
30. F	30. M	30. L	30. M	30. M	30. F	30. M	30. S	30. M	30. F	30. M	30. M
31. L	31. F	31. M	31. D	31. M	31. F	31. L	31. M	31. L	31. L	31. L	31. L

**Í reglum um leikskólabjónustusegir:**  
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða friddagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð við komandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tju til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólafjórðingur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

## 11.3 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

### Endurmat

Gátlisti, bætið við öllu sem ykkur dettur í hug.

Tíminn frá kl. 07.30-08.00.

Móttaka barna á deild.

Morgunverður.

Frjáls leikur.

Útivera

- Hjól, snjóbotur
- Yfirsýn
- Stöndum við í hnapp og kjöftum?
- Verkefni

Agi.

Tilboð (hvað er boðið upp á, hverju er ábótavant), listsköpun, hlutverkaleikur, spil, leir, sull, borðleikir, gólfleikir).

Leikföng að heiman.

Frágangur deildar.

Svæðin frammi – nýting.

Þema.

Tónlist.

Sögustundir.

Söngur, hvar, hvenær.

Að hlusta á tónlist, geisladiska, útvarp, tölvan. Hvar, hvenær, hversu oft.

Alstund. Hvað er gert? Náum við athygli allra?

Hvert er hlutverk:

- Stjórnandans
- Annarra starfsmanna

Hvað er gert, hvers vegna, hvernig?

Veðurfræðingur.

Hádegisverðartími.



Vinnubrögð starfsmanna.

Borðsiðir.

Reglur s.s. að ljúka við matinn o.fl.

Umsjónarmenn og hlutverk þeirra.

Snyrting.

Hlutverk starfsmanns.

- Í frjálsum leik
- Skipulögðum stundum
- Á öðrum tímum

Á hvað leggjum við áherslu s.s. sturta niður, handþvottur, skipta um tuskur og handklæði, fara með rusl. Huga að vöskum.

Hvíldarstund.

Skipting hópsins.

Framkvæmd.

Síðdegishressing.

Kaffitímar starfsfólks.

Samstarf deilda.

Sérkennsla.

Tíminn frá 15.30-16.00.

Frjáls leikur frá 16.00-17.00.

Að skila af sér börnum á Ljósheima (skiladeild).

Fataherbergi.

Frágangur.

Óskilaföt.

Verkaskipting/vaktaskema.

Þátttaka barna í daglegum störfum

Að taka barn í fangið, persónuleg athygli. Fá hana örugglega allir?

Berum við virðingu fyrir vinastund og öðrum samverustundum eða erum við að spjalla á meðan þær eru?

Samskipti við foreldra.

Upplýsingamiðlun.



Afmæli barnanna.

Gönguferðir.

Að skipta út leikföngum, bókum o.þ.h.

Deildarfundir.

Könnunaraðferðin, könnunarleikurinn.

Skráningar.





## Umsögn foreldraráðs Fífuborgar um starfsáætlun leikskólans Fífuborgar 2024-2025

Starfsáætlun Fífuborgar fyrir næsta skólaár, 2024-2025, hefst á greinargerð leikskólastjóra á því sem hæst bar á líðandi skólaári og áherslum fyrir því næsta. Helga leikskólastjóri tekur fram að þar sem Fífuborg hefur verið staðsett í Húsaskóla þetta skólaárið hafa aðstæður óneitanlega haft áhrif á skólastarf og ýmsar hefðir Fífuborgar. Þar hafi reynt á bæði stjórnendur og starfsmenn að taka þeim áskorunum með lausnamiðuðu hugarfari og jákvæðni að leiðarljósi. Er það mat foreldraráðs að það hafi tekist, þó það verði óneitanlega gott að koma aftur í endurbætt húsnaði Fífuborgar. Fífuborg fékk úthlutaðan styrk til að halda áfram með verkefnið Litlu könnuðirnir þar sem áhersla er lögð á eflingu félagsfærni barnanna og að þau þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu. Að mati Helgu leikskólastjóra hefur tekist vel til og er það ánægjulegt að heyra. Á næsta skólaári er gert ráð fyrir að leggja áherslu á bernskulæsi í gegnum könnunaraðferðina til að efla alla þætti læsis enda er það einn af lykilþáttum Menntastefnu Reykjavíkur. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri um skapandi læsi sem mun halda utan um verkefnið og stuðla að markvissari vinnu. Frábært að heyra og verður gaman að sjá ávinninginn að því starfi. Að auki er áfram lögð áhersla á frjálsan leik og vinnu með opinn efnivið.

Farið er yfir innra og ytra leikskólans og hugmyndir og tækifæri til úrbóta. Þar kemur fram að öll markmið sem sett voru með verkefninu Ella umhverfsdúkk náðust og að markmið síðasta árs varðandi könnunaraðferðina hafi tekist vel til. Húsnaði og aðstæður hafa haft áhrif á vinnu með opinn efnivið og verður haldið áfram með þá vinnu næsta skólaár. Álag í starfi hefur margar myndir og má gera ráð fyrir að aðstæður þessa skólaárs, þ.e. flutningurinn yfir í Húsaskóla og stytting vinnuvikunnar, hafi áhrif á starfsánægju og vinnuálag. Upplifun foreldraráðs er að styrkleiki starfsmanna Fífuborgar er jákvæðni og lausnamiðað viðhorf sem hefur án efa verið mikilvægur þáttur í starfi leikskólans.

Í starfsáætluninni er talað um vinnu á hverri deild fyrir sig. Þar ber helst að nefna könnunaraðferðina, Ellu endurvinnsludúkk og læsisáætlun Fífuborgar og gekk það vel á öllum fjórum deildum leikskólans. Farið er yfir einstök verkefni á hverri deild fyrir sig og ánægjulegt að sjá hvernig til hefur tekist. Einnig er talað um opinn efnivið og hvernig hann var nýttur en þar sem ekki var hægt að flytja allan leikfangakost Fífuborgar í Húsaskóla var ekki eins mikið um opinn efnivið og vanalega, eins og áður hefur komið fram. Það verður því ánægjulegt að flytja aftur í húsnaði leikskólans og fá aðgang að meiri efniviði til að nýta í leik og lærdóm.

Fulltrúar foreldraráðs eru jákvæðir og bjartsýnir gagnvart næsta skólaári. Það er heiður að fá að vera hluti af Fífuborgarsamfélaginu fá að taka þátt í því metnaðarfulla starfi sem þar er lögð áhersla á. Að auki er töluverði tilhlökkun að fá að mæta aftur í endurbætt húsnaði Fífuborgar og taka aftur upp hefðir sem hafa þurft að bíða þetta skólaár.

Fyrir hönd foreldraráðs Fífuborgar,

Aðalbjörg Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir